

Nr. 41/1907:

Valdstjórnin

gegn

Sigurði E. Málmkvist.

## D ó m u r:

Með dómi lögregluréttar Reyjavíkurkaupstaðar uppkveðnum 12. september þ. á., var hinn kærði Sigurður E. Málmkvist dæmdur fyrir brot á reglum 1. ágúst 1894 og 22. desember 1905 til að sæta 5 kr. sekt og greiða allan kostnað sakarinnar. Sektin skyldi að hálfu renna til uppljóstrarmanns Símonar Jónssonar, en að hálfu í sýslusjóð Árnessýslu. Dómi þessum hefir verið áfryjað til yfirdómsins eftir ósk hins kærða.

Með skriflegri kæru, dags. 14. ágúst þ. á., kærði brúarvörðurinn við Ölfusárbrúna Sigurð Málmkvist fyrir það, að hann hefði daginn áður, 13. ágúst, »riðið á brokki alla brúna.« Kærði hefir kannast við, að hann hafi farið yfir brúna þennan dag og hafi hesturinn tekið smá-skokkkippi meðan hann fór yfir brúna, og hafi orsökina til þess verið sú, að hesturinn, sem hann reið, hafi verið fælinn, og hafi hann eigi vitað það áður. Kærði telur það og sér til afsökunar, að hann hafi eigi þekt reglurnar fyrir umferð um brúna. Þetta getur þó hvorugt leyst hann undan ábyrgð fyrir verknadinn, því að úr því að hesturinn reyndist svo fælinn, að kærði gat eigi riðið honum fót fyrir fót yfir brúna, átti hann að teyma hann yfir um, og reglurnar fyrir umferðinni, sem festar eru upp við brúarsporðinn, var honum skylt að kynna sér, áður en hann fór út á brúna. Það verður því að fallast á það, að kærði er með lögregluréttardóminum sektaður fyrir brot á áminstum reglum, og með því að bæði

sektarákvæði og málskostnaðarákvæði dómsins samþykkjast, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Kærði verður einnig að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talið málflutningskaup til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 10 kr. fyrir hvorn þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

### Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Lögregluréttardómurinn skal vera óraskaður. Kærði Sigurður E. Málmkvist greiði og allan áfrýjunarkostnað máls þessa, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málfærslumannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Nr. 20/1907:

Guðgeir Jóhannsson  
gegn

dánarbúi Þorláks Guðmundssonar.

### D ó m u r :

Við uppskriftargjörð í dánarbúi Þorláks heitins Guðmundssonar í Eskihlíð reis ágreiningur milli lífserfingja